

Velferðarnefnd Alþingis  
Nefndarsvið Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Reykjavík, 12. nóvember 2014

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um sérhæfða þjónustumiðstöð á sviði heilbrigðis- og félagsþjónustu (heildarlög), 257. mál

Vísað er til tölvupósts frá nefndasviði Alþingis, dags. 24. október sl., þar sem óskað er umsagnar VIRK Starfsendurhæfingarsjóðs um ofangreint frumvarp.

Frumvarpi þessu er ætlað að sameina í eina þjónustumiðstöð þrjár stofnanir velferðarráðuneytisins sem hafa á hendi þjónustu við fatlað fólk. Hlutverk miðstöðvarinnar verði að veita sérhæfða heilbrigðis- og félagsþjónustu á sviði ráðgjafar, greiningar, meðferðar, hæfingar og endurhæfingar.


Í 3. gr. frumvarpsins eru hugtök skilgreind þar á meðal hugtakið endurhæfing:

„16. Endurhæfing: Meðferð eða þjálfun sem stefnir að því að einstaklingur nái færni sem hann hafði áður.“

VIRK telur að koma þurfi mun skýrar fram í frumvarpinu sjálfu eða skýringum sem því fylgja að hér sé ekki átt við atvinnutengda starfsendurhæfingu eins og kveðið er á um í lögum 60/2012.

VIRK Starfsendurhæfingarsjóður veitir velferðarnefnd allar nánari upplýsingar og skýringar sem þörf er á verði óskað eftir því og er reiðubúinn að mæta á fund nefndarinnar verði þess óskað.

F.h. VIRK – Starfsendurhæfingarsjóðs



Vigdís Jónsdóttir, framkvæmdastjóri